

Færsla á vatnsveitulögnum og háspennustrengjum

Ágæti viðskiptavinur/Íbúi við Reykjanesbraut

Landsnet ásamt HS Veitum og Vatnsveitu Hafnarfjarðar hefja vinnu við færslu vatnsveitu- og háspennulagna við Reykjanesbraut norðan Áslands innan fárra vikna.

Vegna fyrirhugaðrar breikkunar á Reykjanesbraut þarf að leggja stofnlögn vatnsveitu og háspennustrengi á kafla við Reykjanesbraut þar sem fyrrgreindar lagnir verða í uppnámi.

Framkvæmdasvæðið nær frá Strandgötu í vestri og norður fyrir kirkjugarðinn í Hafnarfirði í austri. Meginhlutinn framkvæmdasvæðisins liggur sunnan Reykjanesbrautarinnar, meðfram Ásbrautinni en að hluta norðan við brautina næst kirkjugarðinum, eins og sýnt er á meðfylgjandi mynd.

Framkvæmdunum fylgir tímabundið rask og biðjum við íbúa að sýna því skilning. M.a. má búast við truflun á umferð um Ásbraut meðan á framkvæmdum stendur.

Áætlað er að framkvæmdir við verkið hefjist á næstu vikum og standi fram á mitt sumar 2019.



Tengiliður framkvæmdar er Hnit hf. sem sér jafnframt um verkeftirlit.

Verktaki er **kemur síðar**

Spurningum eða ábendingum um þessa framkvæmd má koma á framfæri með því að senda póst á vidir@landsnet.is.

Með kveðju,
Landsnet, HS Veitur og vatnsveita Hafnarfjarðar